# Viðauki

# Sveiflugjafi-lýsing

Sveiflugjafi er tæki sem býr til riðspennu (sínusbylgju) eða kassabylgju (spennan hoppar á milli +V og -V). Hægt er að stilla bæði tíðni og spennu útgangsins.

Takkar #1 og #2 stilla spennuna. Á #1 eru tveir kvarðar, spennan tilheyrir svarta




Mynd 1: Sveiflugjafi. Númer í texta vísa til númera á myndinni.

kvarðanum. Sjá má að spennan hleypur frá 2 í 7, frá 7 í 20, því næst frá 20 í 70 og svo koll af kolli. Á glugga sveiflugjafans, sem er stilltur með #2, er efsti skalinn fyrir kvarðann sem inniheldur töluna 2 en miðskalinn fyrir kvarða inniheldur töluna 7.

Á kvarðanum við hnapp #4 má sjá punkt milli talnanna 1 og 3, því næst milli 10 og 30 o.s.frv. Á milli talnanna 3 og 10, 30 og 100 og svo koll af kolli má sjá stjörnu. Á #5 eru skalar þar sem punktur hleypur frá 1 í 3 og stjarna hleypur frá 3 í 10. Með þessu má stilla tíðnina.

Takki #3 segir til um hvort sveiflugjafinn er stilltur á sínusbylgju eða kassabylgju.